

208. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. desember 2019
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson varaformaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Sigríður Gísladóttir og varamaður hennar, Ólafur Baldursson, fjarverandi.

Dagskrá:

1. Eimskip - ný siglingaáætlun og gjaldtaka - 2019120011

Fyrir fundinum liggur bréf frá Guðmundi Nikulássyni framkvæmdarstjóra Innanlandssviðs dagsett 30/10/2019 þar sem greint er frá nýrri áætlun og viðraðar hugmyndir um einföldun á gjaldtöku.

Hafnarstjórn þakkar Eimskip bréfið og tekur vel í hugmyndir um einföldun gjalda vegna komu skipa félagsins til Ísafjarðar. Hafnarstjórn vill samt árétta að ekki er svigrúm til að gefa afslætti til einstakra viðskiptamanna umfram aðra í sömu grein og telur sig ekki vera í þeirri aðstöðu að bregðast við þeirri beiðni. Hafnarstjórn vill koma því á framfæri að stjórnin og eða hafnarstjóri eru alltaf til viðræðu um sameiginlega hagsmuni.

2. Tillaga til þingsályktunar um gerð stefnumörkun um móttöku skemmtiferðaskipa. - 2019010030

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um gerð stefnumörkun um móttöku skemmtiferðaskipa.

Þingsályktunartillaga um gerð stefnumörkunar um móttöku skemmtiferðaskipa lögð fram.

Hafnarstjórn telur mikilvægt að hagsmunaaðilar í hafnarrekstri sem komi að móttöku skemmtiferðaskipa eigi fulltrúa í starfshópnum svo sem Hafnasamband Íslands og Cruise Iceland.

3. Endurskoðun á gjaldtökukafla hafnalaga - 2019050049

Fyrir fundinum liggur bréf frá Vesturbyggð dagett 16/10/2019 þar sem reifaðar eru hugmyndir til endurskoðunar ákvæði hafnalaga er varðar gjaldtöku hafna með tilliti til breytts reksturs varðandi fiskeldi og tekjur er tengjast starfssemi fiskeldisfyrirtækja

Bréf frá Vesturbyggð lagt fram.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að gera tillögur um breytingu á gjaldtöku vegna fiskeldis og fylgjast með framvindu málsins.

4. Amazing Westfjords - hafnargjöld - 2019120021

Fyrir fundinum liggur bréf stílað á formann hafnarstjórnar Marzellius Sveinbjörnsson, ódagsett er varðar hafnargjöld af bát fyrirtækisins Amazing Westfjords, sem ekki er í rekstri.

Hafnarstjórn þakkar bréfitara fyrir erindið. Hafnarstjórn telur að ekki sé svigrúm til þess að bregðast við beiðni einstakra viðskiptavina um endurskoðun á gjaldtöku vegna hafnargjalda í einum útgerðaflokki umfram það sem heimilt er í gjaldskrá og bendir á að samkvæmt lögum verður þá afsláttur eða lækkun gjalda að ná jafnt yfir alla í sömu útgerðargrein. Þess ber þó að geta að allir heimabátar sem eru í þessum útgerðarflokki njóta nú þegar afsláttarkjara í formi mánaðargjalda sem fellur að þeim öllum.

5. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði á Þingeyri - Sjávargata 4 - 2019100042

Eftirfarandi erindi var vísað til Hafnarstjórnar, af fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 528 sem haldinn var miðvikudaginn 30. okt. sl.

Viðar Magnússon sækir um lóð að Sjávargötu 4, Þingeyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 10.10.2019.

Eftirfarandi var bókað: Lóð við Sjávargötu 4 er ekki laus til úthlutunar þar sem lóðin er ekki skilgreind sem byggingarlóð í deiliskipulagi. Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Hafnarstjórnar á breyttri nýtingu lóðarinnar.

Erindi lagt fram. Hafnarstjórn setur sig ekki á móti úthlutun lóðar.

6. Hafnaraðstaða á Þingeyri vegna Vésteins - 2019050049

Fyrir fundinum liggur erindi dagsett 18/11/2019 frá Katli Berg Magnússyni formanns Víkingar á Vestfjörðum vegna aðstöðu fyrir bátinn Véstein Víkingaskip í smábátahöfninni á Þingeyri.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að kostnaðargreina umsóknina, ræða við umsækjanda og koma með tillögur fyrir næsta fund.

Högni Gunnar Pétursson vikur af fundi.

7. Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20 - 2019060015

Fyrir fundinum liggur Minnisblað hafnarstjóra er varðar erindi sem tekið var fyrir á 205. Fundi hafnarstjórnar 3. lifundarlið varðandi lóðaumsókn vegna hafnsækinnar starfssemi dagsett 31/05/2019.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að kanna hvort möguleiki sé á að þessi framkvæmd geti fallið að heildarverkefninu sem fyrirhugað er.

Högni Gunnar Pétursson kemur aftur til fundar.

8. Endurbygging löndunarkants á Suðureyri - 2019030066

Lagt fram bréf, dagsett 3. desember sl., vegna opnunar tilboða í verkið Suðureyrahöfn, endurbygging Vesturkants 2019.

Hafnarstjórn leggur til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda og gengið verði til samninga við hann á grundvelli tilboðsins.

9. Fundargerð 417. fundar Hafnasambands Ísands. - 2019030067

Fyrir fundinum liggur fundargerð 417. fundar Hafnasambands Íslands.
Fundargerð 417. fundar Hafnasambands Íslands lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð 19. fundar Siglingaráðs - 2019050049

Fyrir fundinum liggur fundargerð 19. fundar Siglingaráðs frá 3. október sl.
Fundargerð 19. fundar Siglingaráðs lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45

Marzellíus Sveinbjörnsson

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Tinna Ólafsdóttir